



Vorskýrsla Oddeyrarskóla 2017-2018



Yfirlit yfir skólastarfið 2017 – 2018

INNGANGUR

Þessari skýrslu um skólaárið 2017-2018 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu þætti skólastarfs skólaársins. Skólastjórnendur tóku skýrsluna saman en hún byggir á ígrundun og mati margra aðila innan skólans.

Við mat á skólastarfinu er stuðst við niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins, sem lögð er fyrir ár hvert. Einnig byggir matið á SVÓT greiningum sem eru lagðar reglulega fyrir starfsmannahópinn og netkönnunum.

Skýrslan gefur yfirlit yfir starfshætti og innra mat skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólastarfsins hvert ár en fjallað er um helstu áhersluþætti. Reynt er að leggja mat á sem flesta þætti og nýta það síðan í umbótaáætlun þar sem þess er þörf.

Unnin hefur verið umbótaáætlun út frá niðurstöðum þessarar vorskýrslu. Hún er einnig birt á heimasíðu skólans og verður unnið eftir henni skólaárið 2017-2018.

Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri
Rannveig Sigurðardóttir, deildarstjóri
Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri

[INNGANGUR](#)

[SÝN OG STEFNA ODDEYRARSKÓLA](#)

[60 ÁRA AFMÆLI ODDEYRARSKÓLA](#)

[NÁM OG KENNSLA](#)

[TEYMISVINNA – SAMSTARF](#)

[MAT Á UMBÓTAÁÆLTUN SÍÐASTA ÁRS](#)

[SUNDKENNSLA](#)

[SAMRÆMD PRÓF](#)

[ATHUGANIR Á LESFIMI](#)

[VALGREINAR](#)

[SKÓLAÞRÓUN - LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í ODDEYRARSKÓLA](#)

[NORÐURLANDASAMSTARF UM MENNTUN ÁN AÐGREININGAR](#)

[LÆSISTEYMI](#)

[ÞRÓUN Í UPPLÝSINGATÆKNI](#)

[EYLIST](#)

[LÍÐAN OG HEILSA](#)

[NEMENDUR](#)

[UNNIÐ GEGN EINELTI](#)

[VINABEKKJASAMSTARF SKÓLAÁRIÐ 2017-2018](#)

[ÝMSIR VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU](#)

[SMT SKÓLAFÆRNI](#)

[KENNARANEMAR](#)

[FORELDRASAMSTARF](#)

[SAMSTARF FORELDRAFÉLAGS OG SKÓLA](#)

[FORELDRASAMSTARF: MAT Á HEIMSÓKNUM Á HEIMILI NEMENDA Í 1. OG 8. BEKK](#)

[INNGANGUR](#)

[RANNSÓKNIR](#)

[VIÐTALSRANNSÓKN](#)

[SKÓLAPÚLSINN](#)

[RAFRÆN KÖNNUN TIL FORELDRA Í MARS 2018](#)

[RAFRÆN KÖNNUN TIL NEMENDA Í 8. OG 9. BEKK](#)

[RAFRÆN KÖNNUN TIL FORELDRA NEMENDA Í 1. BEKK](#)

[SAMANTEKT](#)

[FUNDIR Í SKÓLA](#)

[ÞRÓUNARSTARF OG SÍMENNTUN STARFSFÓLKS](#)

[NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLUFUNDIR Í TENGLUM VIÐ SKÓLASTARFIÐ](#)

[FRÆÐSLA / ENDURMENNTUN Á SKÓLAÁRINU](#)

[STARFSFÓLK - VINNUSTAÐURINN ODDEYRARSKÓLI](#)

[ÚR SKÝRSLU NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFÁ](#)

[LOKAORÐ](#)



SÝN OG STEFNA ODDEYRARSKÓLA

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð – virðing – vinátta

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum **áhuga** meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp **metnað** með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

60 ÁRA AFMÆLI ODDEYRARSKÓLA

Þann 7. desember varð Oddeyrarskóli 60 ára, en hann tók til starfa þann dag árið 1957. Undirbúningur fyrir hátíðahöldin stóðu í alllangan tíma og var í höndum nefndar sem hafði verið fengin til verksins. Nemendur hófu einnig undirbúning í tíma, til dæmis voru smíðjudagar í lok nóvember helgaðir afmælinu.

Afmælisdagurinn sjálfur hófst með hátíð á sal skólans. Þar mættu nemendur, starfsfólk og um 35 boðsgestir. Núverandi skólastjóri, Kristín Jóhannesdóttir og forveri hennar, Helga Hauksdóttir, fluttu ræður. Nemendur sýndu einnig hvað í þeim býr með söng og dansi. Nemendur annars bekkjar sungu gamlan skólasöng Oddeyrarskóla, rappsveitin Blautir sokkar flutti tvö lög, ásamt dansatriði, nemendur á unglिंगastigi sýndu frumsaminn dans gegn einelti og þrír nemendur unglिंगastigs röppuðu um skólann. Í lok dagskrár á sal komu þeir Ívar Helgason og Ívan Mendez frá Tónlistarskólanum á Akureyri og léku undir fjöldasöng og er óhætt að segja að stemningin var góð. Þeir hafa stýrt söngstundum á vegum Söngvaflóðs hjá okkur í vetur er ljóst að sú vinna hefur skilað sér.

Foreldrafélagið gaf skólanum góðar gjafir sem nýtast munu nemendum vel, bæði búnað til daglegrar hreyfingar í skólanum og Fatboy púða á bókasafnið. Þá gáfu hinir skólar bæjarins inneign í Eymundsson, sem nýttist til bókakaupa í LESTU-hilluna góðu.

Að lokinni dagskrá á sal var boðið upp á afmælisköku. Þá tók við opið hús þar sem fjöldi gesta kom og kynnti sér skólafarfið. Eitt og annað var í boði og má þar nefna að nemendur sýndu afrakstur þemadaga þar sem unnið var með sögu skólans, dans gegn einelti, myndband um skólann og geysiflott líkön sem nemendur gerðu af húsnæði skólans. Þá sýndu nemendur gestum hvernig þeir nýta tæknina til náms og hvaða möguleika hún býður uppá. Gestir fengu til dæmis að búa til eigin tónlist, stýra litlum vélmennum, kóða og taka þátt í just dance. Jafnframt fengu gestir að sjá hvernig nemendur læra á fjölbreyttan hátt, svo sem með byrjendalæsi, samræðum í námi, Zankov stærðfræði, sköpun og svo framvegis.

Fjölmargir gestir heimsóttu skólann og þökkum við öllum innilega fyrir komuna og góðar kveðjur.

NÁM OG KENNSLA


Í Oddeyrarskóla er leitast við að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks og hefur það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Námi nemenda í grunnskóla grundvallast á samspieli margra þátta. Til að nemandi nái góðum árangri í námi þarf hann að vera í hvetjandi námsumhverfi, upplifa væntingar, læra vönduð vinnubrögð og njóta góðrar kennslu þar sem horft er til þarfa hans og markmiða.

TEYMISVINNA – SAMSTARF

Kennarar á yngsta stigi unnu í einu samstarfsteymi. Kennarar teymisins áttu í faglegu samstarfi, aðallega helguðu innleiðingu á Zankov hugmyndafræðinni í stærðfræði. Fyrirhugað er að byggja upp tvö teymi á yngsta stigi á næsta ári, en það eru teymi 1. og 2. Bekkjar (þrír kennarar og stuðningsfulltrúi) og teymi 3. og 4. bekkjar (þrír kennarar og tveir stuðningsfulltrúar).

Á miðstigi starfar eitt kennarateymi og er samkenndi nokkur. Á stiginu starfa 4 kennarar og einn stuðningsfulltrúi saman. Þrír kennarar voru umsjónarkennarar í bekk, en einn þeirra annaðist námsaðlögun að mestu. Fyrirhugað er að svo verði áfram á næsta ári. Hver bekkjardeild verður með sinn umsjónarkennara og er nemendum árganganna blandað þar sem það þykir ákjósanlegt.

Á unglिंगastigi voru fjórir umsjónarkennarar sem störfuðu saman. Með þeim störfuðu tveir stuðningsfulltrúar. Í vetur unnu nemendur í 8. - 10. bekk saman að fjölbreyttum þemaverkefnum þrisvar í viku (3x2 stundir) undir handleiðslu fjögurra



kennara. Til er orðið skipulag þemaverkefna þvert á árganga sem unnin verða í þriggja ára rúllukerfi.

MAT Á UMBÓTAÁÆLTUN SÍÐASTA ÁRS

SUNDKENNSLA

Líkt og undanfarin haust var foreldrum barna sem eru að byrja í 1. bekk boðið upp á sundnámskeið fyrir börn sín í tæpar tvær vikur í upphafi skólaárs, þeim að kostnaðarlausu. Námskeiðið er hrein viðbót við lögbundna sundkennslu sem er síðan með hefðbundnum hætti, 40 mínútur á viku, allt skólaárið. Íþróttakennarar segja að námskeiðið auki öryggi barnanna í sundlauginni og í klefum og komi þeim á betra skrið í sundnáminu. Námskeiðið mæltist vel fyrir.

Undanfarin ár hafa nemendur í 9. og 10. bekk farið á sundnámskeiði vor og haust og þannig unnið af sér sundtíma komandi vetrar. Bæði kostir og gallar eru við þetta fyrirkomulag og gallarnir þeir helstir að nemendur fá færri reglulega íþróttatíma jafnt og þétt yfir veturinn. Því var ákveðið að breyta til í næsta vetur og setja þrjá íþróttatíma á stundaskrá hjá öllum bekkjum á unglíngastigi. Einn þessara tíma verður sundtími haust og vor hjá í 8. og 9. bekk. Þetta fyrirkomulag verður metið að vori.

SAMRÆMD PRÓF

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Prófin fyrir 7. bekk voru lögð fyrri 21. og 22. september og fyrir 4. bekk 28. og 29. september.

Nemendur í 9. bekk tóku samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku, dagana 7.-9. mars. Það er skemmst frá því að segja að fyrirlögn prófanna í íslensku og ensku tókst ekki sem skyldi sökum tæknilegra erfiðleika og gátu ekki allir lokið próftöku. Því gafst nemendum kostur á að endurtaka prófin nú í maí. Nokkrir nemendur gerðu það en aðrir ekki og því luku ekki allir nemendur samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði.

Meðaltal raðeinkunna nemenda í Oddeyrarskóla má sjá hér fyrir neðan. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1-99 og sýnir stöðu miðað við árangur í heild á landsvísi. Raðeinkunn er byggð upp með þeim hætti að helmingur nemenda fær raðeinkunn lægri en 50 og helmingur þeirra raðeinkunn hærri en 50.

- **4. bekkur raðeinkunn:**
Íslenska: 38,4
Stærðfræði: 45,2
- **7. bekkur raðeinkunn:**
Íslenska: 36,7
Stærðfræði: 30,6
- **9. bekkur raðeinkunn:**
Íslenska: raðeinkunn ekki birt sökum vandkvæða við framkvæmd
Stærðfræði: 57
Enska: raðeinkunn ekki birt sökum vandkvæða við framkvæmd

Einkunnir í öllum námsgreinum í 9. bekk voru gefnar í bókstöfum og hæfnieinkunnir eru skoðaðar og bornar saman við landsmeðaltal er staðan þessi:

	Íslenska		Stærðfræði		Enska	
Einkunn	Oddeyrarsk	Landið	Oddeyrarsk	Landið	Oddeyrarsk	Landið
A	8,0%	10,7%	13,8%	8,7%	10,0%	9,2%

B+	0,0%	17,4%	3,5%	6,4%	10,0%	13,2%
B	36,0%	34,6%	37,9%	33,8%	40,0%	35,0%

ATHUGANIR Á LESFIMI

Fylgst var náið með framförum í lesfimi hjá öllum nemendum skólans samkvæmt áætlun Menntamálastofnunar. Lesfimiþróf voru lögð fyrir alla árganga þrisvar sinnum eða oftár yfir skólaárið. Ýmis hvetjandi vinna fór fram til að allir gætu séð hjá sér framfarir og náð árangri. Lestur heima og í skóla var áberandi og tók hann á sig ýmsar myndir. Stærstur hluti nemenda sýndi framfarir og margir hverjir mjög miklar. Þeir sem ekki sýndu framfarir hafa nú farið í nánari athuganir og er þá oft um að ræða einhvers konar lestrarvanda sem vinna þarf með á annan hátt. Menntamálastofnun skilgreinir lesfimi þannig að hún sé færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hryrnænum þáttum tungumáls en allir þessir þættir stuðla að lesskilningi. Lesfimi birtist í fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning. Í lesfimiþrófum er verið að meta lestrarnákvæmni og leshraða. Viðmið 1 er það lágmark sem sett er fram sem viðunandi árangur að vori í hverjum árgangi. Viðmið 3 er er því metnaðarfullt viðmið sem ekki er ætlast til að allir nái.



NIÐURSTÖÐUR ÚR LESFIMIÞRÓFUM Í ODDEYRARSKÓLA OG LANDINU ÖLLU VORIÐ 2018

Bekkur	Viðmið 1 Oddeyrarskóli %	Viðmið 1 Landið %	Viðmið 2 Oddeyrarskóli %	Viðmið 2 Landið%	Viðmið 3 Oddeyrarskóli %	Viðmið 3 Landið %
1	100%	89%	8,3%	35,1%	0%	14,9%
2	84,2%	84,5%	26,3%	38,9%	15,8%	21,7%
3	83,3%	83,1%	37,5%	39,6%	25,0%	21,7%
4	76,5%	82,5%	35,3%	47,9%	17,7%	25,0%
5	57,1%	71,6%	14,3%	34,3%	0,0%	17,5%
6	50,0%	68,5%	15,0%	29,1%	10,0%	14,7%
7	61,9%	68,9%	19,1%	27,1%	0,0%	10,5%
8	66,7%	75,7%	6,7%	22,0%	6,7%	6,6%
9	65,4%	71,4%	23,1%	32,4%	7,7%	12,5%
10	44,4%	68,0%	22,2%	38,3%	5,6%	15,4%

Í fyrsta bekk er fyrst lögð fyrir skimum að hausti með skimunartækinu *Lesferill*. Það metur ýmsa þætti og flokkast niðurstöður í hvort nemendur lenda utan áhættu eða í áhættu eitt eða tvö. Kennarar fóru vel yfir þessar niðurstöður og skipulögðu kennslu fyrir hópa innan árgangsins í samræmi við þær.

Í fyrsta bekk eru einnig lagt fyrir að vori skimunarþrófið *Læsi*. Almenn viðmið um árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugu leiðsagnarmati og kennslu. Rýnt var í allar

niðurstöður með það að markmiði að fella kennsluna alltaf betur að þörfum einstaklinga og hópa innan árgangsins. Mikil áhersla var lögð á að auka skilning og orðaforða og auk þess fór fram kennsla á stöfum og hljóðum þar sem þess var þörf og mikil almenn lestrarþjálfun.

Í öðrum bekk voru í vetur lögð fyrir lesfímipróf auk skimunarprófs sem kallast *Lesmál*. Þeir nemendur sem fá slaka niðurstöðu þar fá sérstaka athygli og úrræði.

Unnið var markvisst út frá niðurstöðum fyrri prófa þar sem nemendur fengu úrræði og kennslu út frá stöðu sinni í lestri.

Nemendur í þriðja og fjórða bekk sem þykja ekki sýna framfarir fá nánari greiningu á sínum lestri með LOGOS lestrarskimun og viðeigandi úrræði í kjölfarið. Það getur verið í formi æfinga sem fara fram heima og í skóla, notkun hljóðefnis og tækni við að afla upplýsinga úr texta og aðlagað námsefni.

Orðarún - Mat á lesskilningi er staðlað próf fyrir nemendur í 3. - 8. bekk grunnskóla. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni texta og átta sig á staðreyndum, einnig kannar það hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Í Oddeyrarskóla er prófið lagt fyrir nemendur í 3. - 10. bekk og því sama prófið lagt fyrir í 8. - 10. bekk. Niðurstöður sýna að prófið er orðið of létt fyrir nemendur í 9. og 10. bekk og er það því einungis notað til að benda nemendum á hvort þeir taki framförum en ekki teknar með í heildarniðurstöður fyrir skólann. Niðurstöður úr prófi 2 sem lagt var fyrir í febrúar sýna að flestir árgangar bæta árangur sinn milli prófa. Sérstaklega góður árangur náðist í 2. og 9. bekk þar sem breytingin var yfir 20% í 2. bekk og yfir 20% í 9. bekk. Skoða verður sérstaklega þá hópa þar sem minna en 60% nemenda ná meðal góðum árangri eða betri.

VALGREINAR

Tímafjöldi nemenda í 8.-10. bekk er 37 stundir á viku. Nemendur í 8. bekk eru 33 kennslustund í grunnfögum á viku og fá því 4 kennslustundir á viku í valgreinum. Flestar valgreinar eru 2 kennslustundir á viku og velja flestir nemendur sér því tvær valgreinar. Nemendur í 9.– 10. bekk eru í 29 kennslustundir á viku í grunnfögum og því flestir í fjórum valgreinum.

Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla. Í vetur voru u.þ.b. 80 nemendur skráðir í nám í samvalsgreinar, sem er umtalsvert meiri fjöldi en undanfarin ár. Einnig geta nemendur fengið metið nám í tónlistar- og myndlistarskólum og þátttöku í íþróttum eða öðru tómstundastarfi í stað valgreinar. Í vetur nýttu 34 nemendur sér þann möguleika og er það svipaður fjöldi og árið á undan. Gróflega má skipta í þrjá hópa þeim greinum sem nemendur fengu metnar í vetur. $\frac{1}{3}$ nemenda fékk íshökký metið líkt og undanfarin ár, $\frac{1}{3}$ fékk metnar listgreinar; leiklist, myndlist eða tónlist (langflestir tónlist) og $\frac{1}{3}$ annars konar íþróttir; badminton, borðtennis, dans (spurning hvort flokkast undir listgrein eða íþróttir), fimleika, golf, hjóltreiddar, júddó, knattspyrnu, listskauda og skíði.

Svo sem undanfarin ár gátu nemendur valið sér greinar sem voru kenndar í Verkmenntaskólans á Akureyri og voru þær metnar til eininga. Þær greinar sem boðið var upp í VMA voru aðhlyning, hárið, rafið, sjónlistir og þjónusta og framleiðsla. Fjórir nemendur úr Oddeyrarskóla luku einingum í aðhlyningu og fjórir í rafið. Allir nemendur í aðhlyningu voru stúlkur og í rafið luku þrír drengir og ein stúlka námi.

SKÓLAPRÓUN - LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í ODDEYRARSKÓLA

Við í Oddeyrarskóla færum okkur stöðugt nær því að byggja upp menningu lærdómssamfélags. Það sem helst einkennir lærdómssamfélag er samstarfsmenning með áherslu á nám, að allir hafi sameiginlega sýn á það ástand sem þarf að skapa til að ná markmiðum, að allir hafi sameiginleg gildi og væntingar og lögð sé áhersla á markmiðs- og árangursmiðað starf. Þar sem menning lærdómssamfélags ríkir eru allir skuldbundnir til að leggja sitt af mörkum til stöðugar þróunar. Á skólaárinu sóttu Kristín skólastjóri og Rannveig deildarstjóri hagnýtt námskeið á Malaga sem nýttist við að vinna með kennurum að uppbyggingu lærdómssamfélags og undirbyggja ígrundun kennara.

NORÐURLANDASAMSTARF UM MENNTUN ÁN AÐGREININGAR

Skólastjóri Oddeyrarskóla hefur um þriggja ára skeið verið í samstarfi við hóp stjórnenda og sérfræðinga um starfshætti skóla til að vinna í anda menntunar án aðgreiningar. Í ágústlok fengum við tvo gesti úr hópnum í heimsókn sem skoðuðu skólastarfið, heimsóttu Hlíðarskóla og fengu samtalið við kennara frá kennaradeild Háskólans á Akureyri. Samstarfið heldur áfram því hópurinn fékk á dögum um 7 milljón króna styrk til samstarfs næstu tveggja ára, en ætlun hópsins er að skoða skóla og skólasamfélög og kennaranám þar sem vel þykir til takast. Fyrirhuguð er heimsókn mun stærri hóps í lok september 2018 þar sem rýnt verður í starfshætti og kennaramenntun skoðuð með tilliti þess þeirra þátta sem mikilvægir eru til að mæta þörfum allra nemenda.



LÆSISTEYMI

Sama læsisteymi hefur nú starfað við Oddeyrarskóla í þrjá vetur. Það skipa fjórir kennarar auk beggja deildarstjóra. Verkefni þess í vetur var m.a. að rýna í niðurstöður úr nýjum lesfímiprófum Menntamálstofnunar og lesskilningsprófunum Orðarún. Auk þess hélt teymið utan um og var leiðandi í tengslum við að þróa samræður í námi. Á starfsdögum í ágúst stóð teymið fyrir komu sérfræðings á þessu sviði, Clare Reed, sem hefur þróað og kennt efni sem miðar að því að auka færni kennara og nemenda í samræðum í námi.



ÞRÓUN Í UPPLÝSINGATÆKNI




Áfram hefur verið gróska innan Oddeyrarskóla í námi og kennslu í upplýsingatækni. Google verkefnið okkar hefur skipað stóran og fastan sess í daglegri vinnu bæði nemenda og kennara en það býður sífellt upp á nýjungar. Forritun er jafnframt fastur liður í námskrá nemenda í 1. - 8. bekk. Tækjakostur skólans hefur enn verið að batna, en nú eru til 80 Chromebookvélar fyrir 190 nemendur skólans, auk 19 ipada og um 18 annarra spjaldtölva. Auk þess eru 20 tölvur í tölvuveri og nokkrar borðtölvur í stofum. Oddeyrarskóli á þátt í að halda menntabúðir Eymenntar (ásamt Þelamerkurskóla, Dalvíkurskóla, grunnskólanum í Fjallabyggð, Brekkuskóla og Hrafnagilsskóla) sem snúa að endurmenntun og félagastuðningi á sviði upplýsingatækni í námi. Mæting frá skólanum hefur verið nokkur, en markmið okkar er að fá fleiri kennara úr skólanum til að nýta sér þessa endurmenntun.



EYLIST

Oddeyrarskóli, Þelamerkurskóli og Hrafnagilsskóli sóttu um sameiginlegan styrk í endurmenntunarsjóð grunnskóla til að auka veg list- og verkgreina í skólunum og veita öllum kennurum á svæðinu tækifæri til að fá ókeypis endurmenntun og félagastuðning í gegnum verkefnið. Menntabúðir voru haldnar þrisvar á árinu, einar í hverjum skóla auk þess sem kennurum í skólunum þremur gefst kostur á að sækja námskeið hjá kennurum og listafólki. Menntabúðirnar voru nokkuð vel sóttar, 20-40 manns mættu hverju sinni. Það er vilji okkar að þátttakendum fjölgi verulega á næsta ári, en skólarnir þeir fengu annan styrk frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að styðja við þetta framtak skólanna.



LÍÐAN OG HEILSA

NEMENDUR

Niðurstöður úr Skólapúlsi, sem lagður er fyrir nemendur í 6.-10. bekk, gefa okkur vísbendingar um líðan nemenda í samanburði við aðra nemendur á landinu. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar þessu mati snúast um sjálfssálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, hreyfingu og mataræði. Fjórir matsþættir vikja marktækt frá landsmeðaltali; sjálfssálit og stjórn á eigin lífi, vellíðan og einelti. Þessar niðurstöður hafa verið sveiflukenndar á síðustu árum, en á síðasta ári komu þessir þættir talsvert betur út. Markvisst er unnið að því að stuðla að góðri líðan nemenda í öllum bekkjum skólans en ljóst er að hlúa þarf enn betur að því verkefni í samvinnu við heimilin.

Í vetur kynnti skólastjóri sér hugmyndafræði hugarfars vaxtar / gróskuhugarfars og kynnti það foreldrum á haustkynningarfundum auk þess að spjalla við alla nemendur í 5. - 10. bekk um hugarfar vaxtar. Í haust munu kennarar skólans fá námskeið hjá John Paul Fitzpatrick sem styður við innleiðingu hugmyndafræðinnar í skoskum skólum. Það er ætlun okkar að koma þessari hugmyndafræði inn í skólann í því skyni að efla nemendur okkar. Áframhald hefur verið á vinnu með DAM-verkefnið, sem gengur út á að styrkja nemendur svo þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við það mótlæti sem mætir þeim í lífinu. Áhersla er lögð á að kenna nemendum hvernig þeir geta brugðist við kvíða og neikvæðri líðan og einnig er lögð áhersla á að efla sjálfsmynd þeirra og samskiptahæfni. Í vetur var verkefnið unnið með nemendum í 1. og 8. bekk og gaf það góða raun auk eftirfylgd í 9. bekk sem tók þátt í verkefninu á síðastliðnu skólaári.



Nokkrir kennarar hafa menntað sig í ART þjálfun á síðstliðnum árum. Art stendur fyrir *Agression Replacement Training* og er fastmótað uppeldisfræðilegt módel sem hefur að markmiðið að fyrirbyggja ofbeldi og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta- tilfinninga- og hegðunarvanda. Unnið er með félagsfærni, sjálfstjórnun (reiðistjórnun) og siðferðisvitund. Unnið var markvisst með þrjá árganga þetta skólaár og ætlunin er að vinna áfram með ART á yngsta og miðstigi skólans eins og mögulegt er næsta skólaár.

UNNIÐ GEGN EINELTI

Á heimasíðu skólans má finna fræðsluáætlun, viðbragðaáætlun- og skimunaráætlun gegn einelti sem skólinn starfar eftir. Velferðarnefnd skólans sinnir forvarnarstarfi gegn einelti, en teymið er samsett af námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi og öllum skólastjórnendum.



Full ástæða til að halda vel á spöðum varðandi fræðslu, forvarnir og viðbrögð gegn einelti.

VINABEKKJASAMSTARF SKÓLAÁRIÐ 2017-2018



Hefð er orðin fyrir því að nemendur í 8. bekk verði vinir nemenda í 1. bekk og hefjast kynnin áður en yngri nemendurnir byrja á skóla. Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í leikskólann Iðavöll og hitta verðandi grunnskólabörn og leikskólabörnin koma í heimsókn í grunnskólann þar sem nemendur í 7. bekk taka á móti þeim. Krakkarnir eru paraðir saman þannig að hver nemandi á sinn vin. Fyrstu vikuna í skólanum að hausti fylgja nemendur í 8. bekk vinum sínum í 1. bekk í útiveru og eru með þeim í nokkrum verkefnum yfir veturinn. Þegar unnið er í hópum þar sem allir nemendur skólans taka þátt þvert á bekki er lögð áhersla á að vinir séu saman, líka þeir eldri þ.e.a.s. vinir úr 2. og 9. bekk og 3. og 10. bekk. Kennarar hafa verið hvattir til að koma sér upp vinabekkjum í öðrum grunnskólum á

Akureyri.

ÝMSIR VIÐBURÐIR Á SKÓLAÁRINU

- Í september var göngudagur Oddeyrarskóla, allir nemendur fóru í gönguferð, mislangt eftir aldri en allir enduðu saman á útivistarsvæðinu að Hömrum.
- Krakkakosningar fóru fram á miðstigi í október. Nemendur horfðu á kynningarmyndbönd á [kosningavef Krakkaruv](#), þar sem frambjóðendur flokkanna sátu fyrir svörum um málefni sem tengjast krökkum. Kjörklefi var settur upp á miðganginum og var kjörseðlum skilað í viðeigandi kjörkassa þegar krakkarnir höfðu gert upp hug sinn. Þetta verkefni er í samræmi við ákvæði í Barnasáttmálanum þar sem kemur meðal annars fram að börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif á samfélagið. Með krakkakosningum börnum og ungmennum veitt það tækifæri að láta sínar skoðanir í ljós og velja þann stjórnmalaflokk sem þeim líst best á.
- Í nóvember var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag gegn einelti. Nemendur og starfsfólk hittust á sal og þar fengu nemendur 1. bekkjar húfur að gjöf frá skólanum, en á þeim stendur GEGN EINELTI.
- Í desember eru ýmsir viðburðir samkvæmt hefðum. Spiluð er félagsvist, níundi bekkur sér um kaffihúsadag og allir nemendur taka þátt í að skera út laufabrauð.
- Haldið var upp á 60 ára afmæli skólans 7. desember 2018 með hátíðahöldum á sal og opnu húsi fyrir gesti og gangandi.
- Árhátíð skólans var á sínum stað í janúar og var hún glæsileg að vanda. Gestum á árhátíð hefur fjölgað og því eru nú þrjár sýningar í stað tveggja. Það fyrirkomulag var einnig síðasta skólaár og þótti takast vel.
- Í janúar bauð forvarnarfulltrúi Akureyrar foreldrum á fyrirlestur um kynlíf og klám.

- Lífshlaupið hefur verið vinsælt meðal starfsmanna og nemenda skólans og það breyttist ekki í ár. Árangurinn var eftir því, nemendur unnu á sínum flokki á landsvísu og starfsfólkið stóð sig vel í innanbæjarkeppninni.
- Í febrúar tók skólinn þátt í sýningu sem kallast sköpun bernskunnar. Henni er ætlað að örva skapandi starf og hugsun skólabarna á aldrinum tveggja til sextán ára. Þemað að þessu sinni var TRÖLL og unnu börnin í skólanum tröll af öllum stærðum úr pappamassa.
- Í febrúar var nemendum í 1. - 4. bekk boðið á sýningu í Hofi þar sem Dúó Stemma flutt tónverk og skemmtu nemendur sér afar vel.
- Í mars fóru allir nemendur skólans í Hlíðarfjall og einnig var spilað bingó áður en farið var í páskaleyfi.
- Í apríl tóku nemendur þátt í skólahreysti og stóð lið Oddeyrarskóla sig með eindæmum vel. Krakkarnir enduðu í öðru sæti í svæðakeppninni og voru að vonum ánægð með árangurinn.
- Maí og júní eru viðburðarríkir mánuðir þar sem reynt er að nýta góðviðrisdaga til útikennslu af öllu tagi.

SMT SKÓLAFÆRNI

Í Oddeyrarskóla vinnum við eftir hugmyndafræði **SMT skólafærni**. Innleiðing á SMT skólafærni hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, umbuna fyrir æskilega hegðun og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Nú vinnum við sem sjálfstæður SMT skóli. Vinna með SMT agaferli var í nokkuð föstum skorðum og því með líku sniði og undanfarin ár. Lagt var upp með skipulag samkvæmt árhjólí. 100 miða leikurinn var haldinn í apríl, en hann er orðinn að hefð í skólustarfinu okkar. Í leikum fá 100 nemendur skólans stjórn, sem staðfestingu á því að þeir hafi fylgt reglum eða einkunnarorðum skólans og fara þannig í pott. 10 af þeim nemendum eru dregnir út og fá umbun í formi vettvangsferðar með SMT stýrihópi skólans. Að þessu sinni var farið í heimsókn á Bryggjuna þar sem nemendur fengu að búa til sína eigin pizzu.



SET listar voru lagðir fyrir í janúar 2018 til að kanna hvaða upplifun nemendur og starfsfólk hafa af SMT vinnunni og hvernig þeir þekki hana og kom sú könnun vel út. Heildarmeðaltal skors fyrir flokkana sjö er 93%. Þeir þættir sem skoðaðir eru á SET lista könnun er hvort reglur séu skilgreindar og kenndar, hvort til staðar sé viðvarandi hvatningarkerfi, hvort skólinn sé með samræmd viðbrögð við óæskilegri hegðun, hvort nægilegt eftirlit sé með skráningum og hvort ákvarðanir séu teknar út frá þeim. Loks er mat á því hvernig vinnunni er stýrt og hvort sveitafélagið veiti stuðning.

Niðurstöður benda til að að betur má vinna að því að gera reglur sýnilegar um allan skólann og samræma hugmyndir starfsmanna og stjórnenda við óæskilegri hegðun.

Ástæða er til að taka reglutöflu skólans til gagn Gerrar endurskoðunar á komandi hausti og fá þá alla hlutaðeigandi með í þá vinnu.

SMT lausnarteymi vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Meðlimir lausnateymis eru fimm, kennarar af yngsta- og unglingastigi, deildarstjórar yngri og eldri deildar ásamt námsráðgjafa.

Markmið fyrir næsta vetur er að skipa teymið stoðkennurum af öllum stigum. Nauðsynlegt er að fjalla um hlutverk teymisins meðal starfsfólks svo skilningur sé á því hvernig teymið starfar og hvernig málefnum er

komið til teymisins. Fylgja vel eftir þeim sem eru í efsta - laginu, hvað er verið að gera og hvað getum við gert til að styðja við nemandann. Hver meðlimur tekur ábyrgð á einstaka máli.

KENNARANEMAR

Í Oddeyrarskóla er mikil hefð fyrir því að taka á móti kennaranemum, enda er nauðsynlegt fyrir verðandi kennara að fá góða reynslu og leiðsögn á vettvangi. Skólinn nýtur ávallt góðs af því að fá kröftuga og metnaðarfulla nema á vettvang. Því hefur skólinn gert samstarfssamning við kennaradeild HA um að vera móttökuskóli fyrir kennaranema við HA. Haustið 2017 komu fjórir nemarfrá HA í vettvangsnám og æfingakennslu sem stóð samtals um 3 mánuði. Þeir kenndu í 1. bekk, 4. bekk og á miðstigi. Við eigum von á tveimur kennaranemum frá HA á haustönn sem munu fá starfsþjálfun sína á mið- og unglíngastigi.

FORELDRASAMSTARF

SAMSTARF FORELDRAFÉLAGS OG SKÓLA

Stjórnendur skólans hafa átt farsælt samstarf við foreldrafélagið. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum. Fyrsta verkefni foreldrafélagsins hvert skólaár hefur verið að sjá undirbúning fyrir hausthátíð skólans, en á þess sinni var tekin ákvörðun um að halda ekki hausthátíð, heldur að nýta fjármagnið í annað.

Meginverkefni foreldrafélagsins er þátttaka í árshátíð nemenda. Eins og áður sá foreldrafélagið um glæsilegt kaffihlaðborð í ár. Það voru að þessu sinni tvö kaffihlaðborð í samráði við stjórnendur skólans, þar sem skólinn brá á það ráð að hafa árshátíðarsýningarnar þrjár. Sáu foreldrar um uppröðun, skipulag, vinnu og allan frágang. Lagt var á borð í matsal, kennslustofum á austurgangi og á ganginum sjálfum enda alltaf mikil aðsókn í kaffi þennan dag. Foreldrafélagið studdi einnig við nemendur 10. bekkjar fyrir árshátíð með því að greiða leikstjóra sem leikstýrði atriði nemenda 10. Bekkjar. Foreldrafélagið hefur verið ötult við að styðja við skólustarfið með gjöfum. Á afmæli skólans gaf foreldrafélagið ýmislegt til íþróttaiðkunar innan veggja skólans auk púða á bókasafnið. Á vordögum lofaði foreldrafélagið að kaupa tvo þráðlausa hljóðnema og að styrkja skólann veglega við kaup á tveimur battavöllum.

FORELDRAKÖNNUN SKÓLAPÚLSINS 2017-2018

Í vetur lagði Skólapúlsinn könnun fyrir foreldra þar sem könnuð er ánægja foreldra með matsþætti er snúa að námi og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf auk þess sem foreldrar eru spurðir um þætti er lúta að heimastuðningi. Í heild eru niðurstöður kannanirnar mjög jákvæðar. Þrír matsþátta er lúta að námi og kennslu koma marktækt yfir meðaltali, þ.e. ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum, ánægja foreldra með stjórnun skólans og hæfilegur agi í skólanum. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra er einnig yfir meðaltali en frávikin ekki marktæk.

Þættir er lúta að velferð nemenda eru einnig jákvæðir en tveir víkja marktækt frá meðaltali á jákvæðan hátt, þ.e. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við stjórnendur og ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans. Allir þættir er lúta að aðstöðu og þjónustu eru á pari við meðaltal, víkja ekki marktækt frá, en notkun á mötuneyti er þó undir meðallagi, þótt ekki sé um marktæk frávik að ræða.

Þættir er lúta að foreldrasamstarfi koma mjög vel út og sér í lagi frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi en þar er um marktæk frávik að ræða. Nánar er fjallað um niðurstöður varðandi þennan matsþátt hér að neðan.

Þegar litið er til heimastuðnings eru flestir þættir á pari við landsmeðaltal en einn þáttur víkur marktækt frá á neikvæðan hátt, þ.e. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu við námið. Einnig eru talsverð neikvæð frávik (þó ekki marktæk) á væntingar foreldra um háskólanám. Hægt er

MAT Á HEIMSÓKNUM Á HEIMILI NEMENDA Í 1. OG 8. BEKK

INNGANGUR

Oddeyrarskóli leggur mikið upp úr góðu samstarfi við foreldra og viljum við fyrst og fremst leggja áherslu á gagnkvæmt traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur nemenda okkar. Við trúum því að samábyrgð og samvinna heimila og skóla sé hornsteinn að þroska, námi og velferð barna og ungmenna og við bjóðum foreldra og börn velkomin til samstarfs við okkur í Oddeyrarskóla.

Fræðimönnum ber saman um mikilvægi samstarfs heimila og skóla. Slíkt samstarf getur haft mikil áhrif á líðan, þroska og árangur nemenda. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að víða sé þörf á bættu samstarfi skóla við fjölskyldur og samfélagið.

Á árunum 2002 - 2006 var unnið þróunarverkefnið í Oddeyrarskóla um bætt samstarf heimila og skóla. Þetta þróunarverkefni var hluti af meistaraverkefni Ingibjargar Auðunsdóttur, sem lengi vel hefur starfað hér við Miðstöð skólaþróunar. Meginmarkmið Ingibjargar á þessum tíma var annar vegar að öðlast betri skilning á samstarfi skóla, fjölskyldna og samfélags og hins vegar að reyna starfsaðferðir Epsteins og laga þær að aðstæðum í íslenskum grunnskóla. Í þessari þróunarvinnu nýtti Ingibjörg sér persónulega reynslu af samstarfi heimila og skóla sem foreldri, kennari, sérkennslufulltrúi og kennsluráðgjafi.

Einn liður í þróunarverkefninu sem unnið var í Oddeyrarskóla var að koma á fót heimsóknum á heimili nemenda. Markmið verkefnisins var að skapa umgjörð um jákvæð samskipti heimila og skóla sem liðuð að því að efla námslega og félagslega færni nemenda. Ákveðið að skipuleggja náð samstaf umsjónarkennara við foreldra nemenda í 1. bekk og 8. bekk. Stór þáttur í því var og er að heimsækja alla nemendur og foreldra þeirra. 1. bekk fær heimsókn að vori, áður en nemandinn byrjaði í 1. bekk og nemendur í 8. bekk fá heimsókn að hausti áður en þeir byrja í unglingsdeild.

Heimsóknir umsjónarkennara á 1. bekk eru stutt heimsókn þar sem kennarinn kynnir sig og færir nemandanum og foreldrum upplýsingar um skólann. Heimsóknin fer oft nánast fram á tröppunum eða í forstofunni. Kennarinn hittir nemandinn og nemandinn hittir tilvonandi kennara. Fjölskyldan fær boðsbréf á skólakynningu og kennarinn tekur mynd af barninu.

Við ákváðum að efla foreldrasamstarfið á unglingsáttum þar sem það var reynsla okkar að stundum dalaði það á unglingsárunum. Undanfarin 15 ár hafa kennarar sem eru að taka við 8. bekk heimsótt öll heimili í lok ágúst og byrjun september. Heimsóknirnar hafa verið kynntar að vor í 7. bekk og svo hafa kennarar sent tölvupóst til að minn á sig í ágúst og bóka tíma. Farið hefur verið í heimsóknir á virkum dögum milli 14 og 20. Alltaf hefur verið boðið upp á að hittast í skólanum ef foreldrar óska þess frekar. Áhersla lögð á að hitta alla foreldra og nemendur og höfum við stundum farið á tvö heimili ef nemandinn býr á tveimur stöðum en einnig hafa foreldrar komið til fyrirverandi maka til að taka þátt í heimsókninni. Heimsóknirnar eru einskonar kynning og tækifæri til að fá upplýsingar beint frá foreldrum og unglingsunum. Unglingar og foreldrar fá tækifæri til að koma sinni sýn á fyrri skólagöngu á framfæri og vængingum til skólans. Það sem stendur þó upp úr er að koma á nærsambandi, upplýsa og bjóða þátttöku í samstarfsverkefninu.

Það má segja að Oddeyrarskóli hafi valið að sýna á afgerandi hátt að hann taki mark á foreldrum og leiti leiða til að byggja upp traust. Þannig er lögð áhersla á að samvinna við foreldra sé mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Það var þó ekki átakalaus sem þessi stefna var tekin.

Þar sem heimsóknir kennara á heimili nemenda kosta skólann töluvert bæði í launum og tíma er gagnlegt að staldra við og meta hverju verkefnið er að skila. Auk þess er fróðleg bæði fyrir kennara sem ekki voru starfandi í skólanum þegar verkefnið hófst að sjá hverju það er að skila.

Ingibjörg Auðunsdóttir mat verkefnið í sinni rannsókn og lofað það góður um styrkti kennara skólans að halda verkefninu áfram. Síðan þá hafa verið gerðar fleiri rannsóknir, bæði árið 2008 og á þessu skólaári. Auk þess svara foreldrar reglulega spurningum um foreldrasamstarf í könnunni, Skólapúls. Óhætt er að segja að niðurstöður þessara rannsókna bendi allar til þessa að halda eigi heimsóknunum áfram og nýta þær sem grunn af öflugum foreldrasamstarfi.


RANNSÓKNIR

Árið 2018 hafa 15 árgangar, sem eru að hefja nám í 8. bekk fengið heimsóknir að hausti og 15 árgangar sem eru

að byrja í 1. bekk, heimsóknir að vori. Ingibjörg Auðunsdóttir mat verkefnið í sinni rannsókn og lofað það g/óður um styrkti kennara skólans að halda verkefninu áfram. Síðan þá hafa verið gerðar rannsóknir, ein árið 2008 og á þessu skólaári. Auk þess svara foreldrar reglulega spurningum um foreldrasamstarf í Skólapúlsi. Óhætt er að segja að niðurstöður þessara rannsókna bendi allar til þessa að halda eigi heimsóknunum áfram.

VIÐTALS-RANNSÓKN

Árið 2008 var gerð viðtalsrannsókn á heimsóknunum sem fékk nafnið *Á öðrum stað og í öðru hlutverki*. Nafnið er bein tilvitnun í einn viðmælanda. Tekin voru þrjú viðtöl við forelda sem höfðu fengið heimsóknir, tvær mömmur og einn pabba. Viðtölin voru greind og unnið greiningarlíkan og sett fram í flokkum.





Í stuttu máli fannst foreldrunum að skipulag og framkvæmd væri góð. Tímasetningin væri rétt, kynning jákvæð og það skipti máli að heimsóknirnar væru orðin hefð í skólanum. Staðsetning, það er að kennarinn kæmi á heimili foreldra var metið jákvætt og þeir sem rætt var við töldu að skipulagið leiddi til þess að báðir foreldrar væru frekar á staðnum. Foreldrarnir sem rætt var við mæltu með áframhaldandi heimsóknum til að halda við jákvæðum samskiptum og heimsóknirnar væru vel til þess fallnar að virkja unglíngana. Sumir töldu að það væri gott að leggja áherslu á líðan frekar en nám. Samskipti og tengsl foreldra og umsjónarkennara voru metin persónuleg en allir nefndu að það væri álag á kennara að fara í margar heimsóknir. Auk þess sem þær tengdu ekki saman foreldrahópinn. Mikilvægt að fylgja heimsóknunum eftir með fundi eða fundum. Kostir heimsóknanna voru metnir í viðtölunum og var oftast nefnt að þau væru ekki formleg, persónuleg og að múrarnir féllu. Foreldrum fannst að skólinn sýndi í verki vilja til samstafs og það gæti virkað sem stuðningur fyrir nemendur og heimili. Foreldrarnir töldu að samskipt umsjónarkennara eftir heimsóknir einkenndust af trausti og þó að unglíngurinn hafi verið spenntur og jafnvel óöruggur í fyrstu þá hafi flestir tjáð sig og komið fram með upplýsingar, sérstaklega um fyrri skólagöngu. Þannig væri samtalið óþvingað og væru liður í því að byggja upp gott samband. Einnig var nefnt að kennarar gætu áttað sig á aðstæðum nemenda og þægilegt væri að ræða persónuleg mál.

SKÓLAPÚLSINN

Annað hvert ár leggjum við í grunnskólum Akureyrar könnun skólapúlsins fyrir foreldra og könnum hug þeirra gagnvart ýmsum þáttum. Fjórði kafli könnunarinnar snýr að samskiptum eða samvinnu heimila og skóla. Þar er til dæmis spurt um það hversu oft kennarar hafa samband við foreldra, hversu oft þeir biðja foreldra um að fylgjast með heimanámi, að ræða við barnið um skóladaginn eða til þess að biðja foreldra um að mæta á viðburð í skólanum

Það er okkur kappsmál að þessi liður komi vel út, þ.e. að foreldrar séu ánægðir með samstarf við skólann. Hér má sjá niðurstöður í þessum kafla. Þarna kemur fram að í Oddeyrarskóla upplifi foreldrar að kennarar eigi oft frumkvæði að foreldrasamstarfi og er þetta marktækur munur frá landsmeðaltali á jákvæðan hátt.




RAFÆN KÖNNUN TIL FORELDRA Í MARS 2018

Til að kanna upplifun og reynslu foreldra í Oddeyrarskóla var sendur út rafræn spurningarlisti með tölvupósti til allra foreldra sem eiga nemendur í 8. og 9. bekk í Oddeyrarskóla veturinn 2017-2018. Niðurstöðurnar voru mjög jákvæðar og sjást hér á myndritum. Ekki svöruðu allir könnuninni en alls fengust 24 svör.


1. Hvernig upplifun var að fá umsjónarkennara í heimsókn þegar unglingurinn þinn var að byrja í 8. bekk í Oddeyrarskóla.

24 svör




2. Var heimsóknin og markmiðin með henni kynnt áður en kennararnir komu í heimsókn.

24 svör




3. Hvernig nýttist heimsóknin þér og þínum unglingi, t.d. hvað varðar upplýsingagjöf og tengslamyndun.

24 svör



4. Mælir þú með heimsóknum umsjónarkennara þegar unglingur er að byrja í 8. bekk.

24 svör



Auk þess skrifuðu nokkrir foreldrar texta við opinni spurningu og er hér dæmi um hvað þeir sögðu:

“Heimsóknin var mjög góð, mikilvægt að koma með jákvæða umfjöllun um unglिंगastigið og hvað er framundan og hvetja þau til að sinna náminu vel upp á framtíðina að gera. Velja valið vel og vera jákvæð“.


„Fyrst þegar ég sá þetta á skipulaginu fannst mér þetta fáránlegt, það voru fyrstu viðbrögðin, en svo þegar ég var búin að hugsa þetta aðeins þá skipti ég um skoðun, svo mér finnst mjög gott og mjög mikilvægt að gefa þessu svona góðan tíma, að láta vita með svona góðum fyrirvara og gefa fólki séns á að melta þetta aðeins, maður er ekki vanur svona nálgun úr öðrum skólum og því kom þetta bara mjög á óvart, hafði aldrei heyrt um þetta fyrr. En er mjög ánægð með þetta og finnst þetta algjörlega frábært og er eitt af því sem ég tel upp þegar ég er að dásama skólann við aðra foreldra, því ég er klárlega mjög ánægð með skólann og það starf sem þar fer fram“.

RAFRÆN KÖNNUN TIL NEMENDA Í 8. OG 9. BEKK

Til að fá sjónarmið nemenda fram svöruðu þeir rafrænt álíka spurningum og foreldrar þeirra í mars 2018. Nokkrir nemendur sem voru nýir í 9. bekk svöruðu spurningunum og eru svör þeirra ekki marktæk en vekja upp spurningar hvort heimsækja ætti alla nýja nemendur að hausti sem byrja í unglिंगadeild í skólanum. Hér eru svör nemenda sýnd á myndritum. Alls svöruðu 37 nemendur:


Hvernig upplifun var að fá umsjónarkennara í heimsókn þegar þú varst að byrja í 8. bekk.

37 svör




Hve auðvelt fannst þér að tala við nýjan kennara til að ræða nám og líðan?

37 svör



Fékkstu tíma og tækifæri til að tjá þig í heimsókninni.

37 svör



Auk þess skrifuðu nokkrir nemendur texta við opinni spurningu og er hér dæmi um hvað þeir sögðu um heimsóknirnar:

„Það er æðislegt að fá heimsóknir frá mörgum því þá er hægt að kynnast þeim“.

„Ég get rætt um hluti sem hafa gerst áður í bekknum“.


„Þeir fá að kynnast þér og þú þeim“.

RAFRÆN KÖNNUN TIL FORELDRA NEMENDA Í 1. BEKK

Rafræn könnun var send með tölvupósti á foreldra nemenda í 1. bekk og fengust 11 svör. Hér eru helstu niðurstöður:


1. Hvernig upplifun var að fá umsjónarkennara í heimsókn þegar barnið þitt var að hefja skólagöngu sína í Oddeyrarskóla.

11 svör




2. Var heimsóknin og markmiðin með henni kynnt áður en kennararnir komu í heimsókn?

11 svör



3. Hvernig nýttist heimsóknin þér og þínu barni, t.d. hvað varðar tengslamyndun.

11 svör



Auk þess skrifuðu nokkrir foreldrar texta við opinni spurningu og er hér dæmi um hvað þeir sögðu um heimsóknirnar:

„Finnst þetta flott framtak“.

„Einkar ánægjulegt fyrir barn að fá þessa heimsókn áður er það byrjar í skóla, mynd tekin, kennarar mynda tengsl og spjalla við barnið. Eykur ánægju og spennu að byrja í skóla“.

SAMANTEKT

Þegar allt er dregið saman er greinilegur vilji foreldra til að halda heimsóknunum áfram, en 95,8% mæla með heimsóknum þegar unglingur er að hefja nám í 8. bekk. Reyndar er það þannig að engin neikvæð svör komu fram í neinum ofantalinna rannsókna, hvorki hjá nemendum eða foreldrum. Eina sem kom fram sem var ekki metið mjög gott eða gott var að nemendur voru smá kvíðnir að hitta og ræða við kennarann í upphafi. Þar sem að ekki allir svöruðu spurningunum gæti það verið þeir sem eru neikvæðir.

Huga þarf að því að kynna vel tilgang heimsókna og framkvæmd. Mikilvægt er að fylgja þeim eftir með öflugu foreldrasamstarfi og draga saman helstu niðurstöður úr samtölum við foreldra og nemendur. Það er hægt að gera á haustfundi í 8. bekk og í foreldrasamtölu í framhaldinu. Spennandi er að prufa annarskonar foreldrasamstarf í stað hefðbundinna foreldrasamtala á foreldradögum, á unglingastigi þar sem sumum foreldrum og kennurum finnst stundum að þau séu ansi lík. Ef gert er ráð fyrir því að foreldrar komi tvisvar á ári í foreldrasamtöl þá koma foreldrar 20 sinnum í skólann til að hitta umsjónarkennara á 10 árum. Mikilvægt er bæði tími foreldra og kennara sé nýttur vel og skili jákvæðu samstarfi til að efla nám og starf. Foreldrasamstarf í Oddeyrarskóla er einnig í heildina metið jákvætt eins og sést greinilega í niðurstöðum Skólalaps og samanburði við aðra skóla.

FUNDIR Í SKÓLA

Í september eru foreldrar boðaðir á haustkynningarfundum þar sem skólastarf vetrarins er kynnt og foreldrum gefst tækifæri til að hittast og spjalla. Á fundunum var skólastjóri með erindi um hugarfar vaxtar og það hvernig foreldrar geta með orðum sínum og athöfnum haft áhrif á þrautseigju nemenda og viðhorf gagnvart krefjandi verkefnum. Hefðbundnir viðtalsdagar kennara, nemenda og foreldra voru í nóvember og mars. Mjög góð mæting var í viðtölin.

Í vor var að venju haldinn fundur fyrir foreldra sem eiga börn sem hefja nám í 1. bekk næsta haust. Fundurinn var vel sóttur og farið var yfir ýmist praktísk mál sem tengjast skólabyrjun.

ÞRÓUNARSTARF OG SÍMENNTUN STARFSFÓLKIS



Í vetur voru áfram stigin skref nær því að til verði lærdómssamfélag í Oddeyrarskóla þar sem áhersla er lögð á teymiskennslu, samræður í skólastarfi, ígrundun og nýtingu upplýsingatækni í námi nemenda. Jafnframt var lögð áhersla á að allir læri saman, starfsfólk og nemendur. Kennarafundur og aðrir fundartímar voru eins og kostur var nýttir til faglegrar samræðu og miðlunar.



Eitt af því sem okkur þykir mjög mikilvægt til að efla lærdómssamfélag innan veggja skólans er að halda innanhússpung kennara, þar sem kennarar kynna vinnu sem þeir hafa unnið með nemendum á skólaárinu. Á vordögum 2018 kynntu nokkrir kennarar skólans verkefni sem þeir hafa unnið að í vetur og var mikil ánægja með þann dag.

Mikil áhersla hefur verið lögð á lestur og læsi og með miðlægum gagnagrunni höfum við getað haldið utan um lesfimi allra nemenda skólans. Þróunarvinna okkar um samræður í námi styður við þessa vinnu með því að vinna með hugtakaskilning nemenda og færni þeirra í að nota tungumálið til að ná auknum skilningi á viðfangsefninu og ræða það á lýðræðislegan hátt.

Upplýsingatækni var gert hátt undir höfði í skólanum síðastliðinn vetur eins og síðastliðna vetur. Nokkrir kennarar í skólanum hafa verið leiðandi í þeirri starfsþróun og hafa unnið óeigingjarnt starf við endurmenntun og miðlun til annarra, innan og utan skólans. Mest hefur verið unnið við að þróa notkun á umhverfi sem kallast *G Suite for Education* og hefur sú vinna vakið athygli innan bæjar og utan. Kennarar skólans hafa verið mjög móttækilegir og tilbúnir til að tileinka sér og nýta þetta nýja umhverfi og hafa nemendur skólans notið góðs af. Skólinn er þátttakandi í #Eymennt, en það er samstarf sex skóla á Eyjafjarðarsvæðinu um endurmenntun og félagastuðning varðandi upplýsingatækni í námi. Hópurinn hlaut styrk úr endurmenntunarsjóði grunnskóla og hefur á skólaárinu haldið 6 menntabúðir í þessum skólum.

Á skólaárinu hófu allir kennarar yngsta stigs innleiðingu á Zankow stærðfræðinni í samstarfi við Þóru Rósu Geirsdóttur, ráðgjafa frá MSHA. Aðferðin gengur í grófum dráttum út á að auka við hugtakaskilning og rökhugsun nemenda með samræðum, tala um lausnir að dæmum og ræða um hugtök og fleira. Einnig var mikil áhersla lögð á þrútaalausnir, skriflegar og munnlegar.



Enn höldum við ótrauð áfram við að innleiða hugmyndafræði heilsueflandi grunnskóla. Vel hefur tekist til hingað til og hefur verið markvisst með áhersluþættina hreyfing og mataræði. Áfram verður haldið á þeirri vegferð með því að leggja áherslu á daglega hreyfingu nemenda og auka enn tækifæri þeirra til hreyfingar í hreyfivænum skóla og skólalóð. Skólinn hlaut á dögunum styrk frá foreldrafélaginu til að fjárfesta í tveimur Battavöllum (litlum fótboltavöllum) sem verða teknir í notkun á fyrsta skóladegi í ágúst. Næsti áhersluþáttur er geðrækt, en grunnmælingar sýna að skólinn stendur mjög vel að vígi þar. Enn eru þó atriði sem má vinna að og

förum við af stað í það á haustdögum.

NÁMSKEIÐ OG FRÆDSLUFUNDIR Í TENGLUM VIÐ SKÓLASTARFIÐ

FRÆÐSLA / ENDURMENNTUN Á SKÓLAÁRINU

- Eyllist, 3x í vetur auk námskeiða fyrir kennara þessara þriggja skóla.
- Eymennt - haldið 6x í vetur, þar af einu sinni í Oddeyrarskóla.
- Málþing í Naustaskóla um skóla framtíðarinnar. Framkvæmt var mat á deginum og skv. Því þótti rúmlega 70% kennara á svæðinu dagurinn mjög eða frekar gagnlegur.
- Námskeiðið Sterkari starfsmaður byrjaði um áramót, en það námskeið telur 150 stundir sem dreifast á 3 annir og er ætlað öðrum starfsmönnum skólans en kennurum. Þetta er námskeið á 1. hæfniprepi og byggir á námsskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Skólastjórnendur sóttu námskeið í Malaga um uppbyggingu lærdómssamfélags.
- Tveir kennarar af yngsta stigi sóttu 5 daga námskeið í PMT grunnmenntun.
- Föstudaginn 20. apríl var haldið innanhússpjng, þar sem kennarar kynntu þróunarvinnu vetrarins.
- Margir kennarar skólans sóttu námskeið um kennslu nemenda af erlendum uppruna.
- Að efla sig í starfi. Nokkrir kennarar sóttu námskeið til að byggja sig upp í starfi, en áveðið var að halda slíkt námskeið í framhaldi af vinnu við Bókun I í kjarasamningi kennara. Mikil ánægja var með þetta námskeið og eru kennarar á biðlista eftir öðru.

STARFSFÓLK - VINNUSTAÐURINN ODDEYRARSKÓLI

Samkennd, samstarfsvilji og vinátta einkennir starfsmannahóp Oddeyrarskóla. Starfsmönnum er annþ um skólann og vinnustaðinn. Starfsmenn virðast almennt ánægðir með starf sitt og starfsandann og hafa margir á orði sem heimsækja skólann að það sé gott andrúmsloft í skólanum. Þetta sýnir sig m.a. í því að þátttaka í sameiginlegum viðburðum starfsmanna er jafnan góð. Það er mikils vert og mikilvægt að viðhalda því.

Starfsmannahópurinn tók þátt í Lífshlaupinu í vetur eins og síðastliðna tvo vetur og náði góðum árangri.

Fréttakornið, miðill stjórnenda til að miðla upplýsingum til starfsmanna á skilvirkastan hátt, sendur út alla föstudaga með upplýsingum um fundi og ýmislegt sem tengist skólastarfinu í komandi viku.



Mun léttara var yfir starfsmannahópnum og ljóst að fólk finnur fyrir minnkandi álagi miðað við veturinn á undan. Fundum var fækkað og reynt að stytta þá eins og hægt var.



Unnið er að því að bæta starfsaðstæður starfsfólks. Búið er að fjárfesta í læstum kennarapúltum á hjólum sem kennarar hafa lýst ánægju sinni með og fjölgun chromebook véla hefur mælst afar vel fyrir.

Ekki var lögð fyrir starfsmannakönnun á vegum Akureyrarbæjar eða Skólapúlsins á þessu ári, en von er á könnun frá Skólapúlsinum á komandi hausti.

ÚR SKÝRSLU NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA



Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir björginni.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa eru m.a.

- Aðstoða nemendur við að þróa með sér sjálfstæði, jákvæða sjálfsmynd og færni við lausn vandamála og ákvarðanatöku.
- Vinna gegn brotthvarfi.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda og námstækni.
- Námskeið - sjálfsefning, ART, ADHD, lesblinda og DAM díalektísk atferlismeðferð.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Fundarseta í Velferðarnefnd (nemendaverndaráð, eineltis- og áfallateymi), jafnréttisnefnd og lausnateymi, teymi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Akureyrar og DAM díalektísk atferlismeðferð.
- Tengiliður við forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar.
- Samráð við starfsfólk skólans um hegðun og líðan nemenda.
- Samráð við foreldra um málefni sem varða framgöngu barna/unglinga.
- Samráð við stofnanir um einstaka nemendur.

- Situr einstaka teymis- og stigsfundi sem og aðra fundi með foreldrum og eða kennurum sem snerta nemendur.

Nemendur eru í kringum 195 þetta skólaár. Svipaður fjöldi nemenda og áður notuðu persónulega ráðgjöf námsráðgjafa eða 95 nemendur sem er nálægt 50%. Drengir voru 51 og stúlkur 44 þessi hópur dreifist á öll aldrisstig þ.e. frá 1. til 10. bekk. Í vetur var námsráðgjafi fjóra daga í viku í 80% starfshlutfalli og þar af í 10% verkefnastjórn yfir DAM. Skráð persónuleg viðtöl eru í um 260.



Á samanburðarmynd yfir tíu ár má sjá fjölda nemenda sem nýttu persónulega ráðgjöf námsráðgjafa.

Mikil þungi hefur verið í persónulegri ráðgjöf við nemendur og tekur mikið af tíma námsráðgjafa. Nemendur koma ýmist með beiðni frá kennara, foreldrum eða hafa óskað eftir því sjálfir að koma í viðtöl.

Það er mikilvægt að kenna börnum sjálfsstjórn, færni og leiðir til að takast á við oft flóknar og erfiðar tilfinningar. Námsráðgjafi og kennari á miðstigi voru með [ART](#) fyrir nemendahópa úr 5. og 6. bekk. DAM kennsla var í 1. bekk að jafnaði 1 sinni í vetur, í 8., og 9. bekk eftir áramótin og í 5. bekk voru kenndir valdir þættir úr [DAM](#) með áherslu á núvitund og tilfinninga- og streitupólsfærni. Í niðurstöðum á mælingum sem hafa verið gerðar síðan byrjað var að kenna DAM koma fram jákvæð áhrif í svörum hjá nemendum. Meðal annars telja þeir sig betur færa um að mæta mótlæti, standa með sjálfum sér í samskiptum við vini og halda sjálfsvirðingu sinni í samskiptum. Verkefnið hefur fengið góða styrki og mun halda áfram næsta vetur. Í DAM og ART tímum var alltaf kennari með námsráðgjafa. Með markvissri hópráðgjöf gefst færi á að mæta fleirum nemendum. Hópar eru mikilvægir og hafa mótandi áhrif á einstaklinginn. Við erum félagsverur og höfum flest þörf til að tilheyra hópi, í gegnum þá lærur við og þroskum þekkingu, gildismat, hegðun, aðlögunarhæfni og fleira.

[Bendill](#) er áhugasviðskönnun sem veitir upplýsingar um nám og störf. Nemendur í 10. bekk tóku áhugasviðskönnunina og var fylgt eftir með persónulegu viðtali þar sem farið var yfir niðurstöður. Jafnréttismál hafa ekki fengið það vægi sem þörf er á utan þess sem ég hef samþætt þau inn í náms- og starfsfræðslu. Vel heppnuð [starfamesa](#) var haldin 23. Febrúar 2018 í Háskólanum á Akureyri þar sem um 30 fyrirtæki og stofnanir á Akureyri kynntu starfsemi sína og menntun innan sinna fyrirtækja. Nemendur í 9. og 10. bekk tóku þátt í þessum degi og fengu þar tækifæri til að fræðast um margvísleg störf. Námsráðgjafi kom lítið að starfsfræðslu á yngsta og miðstigi en í 8. bekk var farið í valin verkefni úr [Stefnan sett](#) og 9. bekkur fór í starfskynningar í desember sem gengu vel. Fyrirkomulag starfskynninga var með þeim hætti að nemendur höfðu samband við vinnustað að eigin vali en hinn daginn var óskað eftir að nemendur veldu sér vinnustað sem væri óhefðbundinn út frá kynjasjónarmiðum. Þá var óskað eftir því að strákar kynntu sér vinnustað/starfsgrein þar sem konur eru almennt í meirihluta og að stelpur kynntu sér vinnustað/starfsgrein þar sem karlar eru almennt í meirihluta. Þessi kynjabundni þáttur er liður í jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla sem m.a. byggir á [23. gr. jafnréttislaga](#) þar sem segir:

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

- Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og piltum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni. Nemendur 8. bekkjar fengu afhendan námstækni bækling í heimsóknnum frá umsjónarkennara sínum að hausti.

Í [skýrslu](#) um ástæður brotthvarfs úr framhaldskóla kemur fram að flestir nemendur eða 213 hættu eða var vísað úr námi vegna brots á mætingarreglum og þar af voru 80 nemendur á fræðsluskyldualdri. Brotthvarf úr skóla á sér oft langan aðdraganda, sérstaklega þarf að huga að þeim hópum sem eru í áhættu og nauðsynlegt að allir sem koma að barninu vinni saman að því er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum þess.

Sjálfsmynd hefur áhrif á hvernig einstaklingurinn upplifir sig og möguleika sína, mikilvægt er að vinna stöðugt að því að efla hana og eigið öryggi. Samskiptamunstur er flóknara en áður, samskipti eru æ meira í gegnum ýmiss konar miðla. Það er mikilvægt að kenna börnum og unglingum með markvissum hætti hvernig hægt er á sem farsælastan hátt að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti og hvar ábyrgð okkar liggur í því að vel gangi og að setja sjálfum sér og öðrum mörk.

LOKAORÐ

Þá er yfirferð um skólastarfið skólaárið 2017-2018 lokið. Vafalaust eru þættir sem mættu fá ítarlegri umfjöllun, en hér verður látið staðar numið. Ef áhugasamir óska nánari upplýsinga um einhverja matsþætti eða skólastarfið má gjarnan leita til stjórnenda skólans.

Tilgangur innra mats skóla er ávallt sá að nýta upplýsingar sem best til að bæta skólastarfið. Samhliða gerð þessarar skýrslu var því unnin umbótaáætlun sem stjórnendur, kennarar og starfsmenn vinna eftir á komandi skólaári. Umbótaáætlun er einnig birt á heimasíðu skólans.

Í heildina var skólaárið fjölbreytilegt og skemmtilegt og birtist það m.a. í mörgum verkefnum sem skólinn tók þátt í. Það má m.a. sjá á fréttavef nýuppfærðu heimasíðunnar okkar, www.oddeyrarskoli.is. Lagt hefur verið upp úr því að heimasíða skólans sé lífleg og sem aðgengilegust og að hún gefi góða innsýn í skólastarfið okkar. Það er von okkar að nemendur, foreldrar og aðrir sem tengjast skólanum geti nýtt sér síðuna sem best. Heimasíðan er einnig tengd facebooksíðu skólans, þannig að í hvert sinn sem ný frétt kemur á fréttaveitu heimasíðunnar birtist hún sem ný færsla á síðu skólans á facebook.

Þessi samantekt er grunnur að umbótum í skólastarfinu og það er von okkar að hún nýtist skólasamfélaginu öllu vel. Allar ábendingar, varðandi skýrslu þessa, heimasíðuna eða annað sem tengist skólastarfinu eru ávallt vel þegnar.

Júlí 2018

Fjóla Kristín Helgadóttir, Kristín Jóhannesdóttir og Rannveig Sigurðardóttir

stjórnendur Oddeyrarskóla